

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 1. nóvember 2022

Matvælaráðuneytið  
Skrifstofa landbúnaðar

**Efni: Umsögn til matvælaráðuneytisins um áform um lagasetningu – Breyting á lögum nr. 155/2018 um landgræðslu og lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt (sameining stofnana).**

Áform þessi byggja á greinargerð starfshóps til matvælaráðherra en niðurstaða starfshópsins var að tækifæri væru fólgin í sameiningunni til að m.a. efla þjónustu og ráðgjöf og einfalda samskipti og bæta yfirsýn yfir sameiginleg verkefni innan stofnananna. Þar af leiðandi taka Bændasamtök Íslands jákvætt undir áformin en þó með þeim fyrirvara að með sameinaðri stofnun verði lögð áhersla á öll þau grunnverkefni sem báðar stofnanirnar sinna í dag.

**Skógrækt á bújörðum**

Í byrjun árs 2017 varð til ríkisstofnunin Skógræktin. Áður voru til fimm landshlutabundin skógræktarverkefni og Skógrækt ríkisins ásamt fleiri verkefnum. Umfang nýrrar stofnunar stækkaði til muna og sinnir nú mörgum verkefnum svo sem rannsóknum í skógrækt, fræðslu og ráðgjöf, umfangi allra þjóðskóga landsins (sem felur í sér umhirðu, vörslu skóga, gerð og umönnun útivistarsvæða og tjaldsvæða svo það helsta sé nefnt), umfangsmiklum skógræktarverkefnum á þjóðlendum og síðast en ekki síst umsjón með skógrækt á bújörðum. Skógrækt á landi bænda er víðfeðm og umfangsmikil þar sem samningar um skógrækt eru yfir 600 talsins. Skiptar skoðanir eru um ágæti og ávinning af sameiningunni 2017 á meðal skógarbænda en tilgangur hennar var einna helst að einfalda, auka skilvirkni, bæta nýtingu fjármagns og starfskrafta stofnana. Mikilvægt er því að huga að því að sagan endurtaki sig ekki á þann hátt að ákvarðanatakan færir fjær notandanum og fjármunir til grunnverkefna leiti annað. Skógrækt er ný auðlind þjóðarinnar og bændur í nútíð og framtíð hafa mikla hagsmuni af skógrækt. Í þessu tilliti þarf ný stofnun virkilega að halda vel á spilunum og skoða verður hvort æskilegt sé að verkefni skógarbænda verði aftur færð heim í héruð eins og tíðkaðist þegar landshlutaverkefnin fimm voru upp á sitt besta.

**Endurheimt**

Endurheimt birkikjarrs og skóga tengir skógrækt og landgræðslu sterkt saman, þó vissulega séu snertifletirnir mun fleiri. Þegar fjallað er um vistkerfi þar sem ríkjandi tegund er birki líta sumir einstaklingar gjarnan á það sem gott vistkerfi þó einhlýtt sé. Erfitt er að deila um skoðanir en ástæður þeirra eru gjarnan byggðar á tilfinningalegum rökum, hér er því mikilvægt að við göngum ekki fram úr hófi. Hér þarf skynsemi, byggða á rannsóknum og reynslu og að leiða umræðu um endurheimt lands. Það mun verða þung þraut fyrir nýja stofnun að standa á bakvið áskoranir er snúa að nýtingu þjóðlenda. Þær aðgerðir sem unnar eru í nafni ríkisins munu hafa áhrif á skoðanir landsmanna og landeigenda einkalands. Það er ekki víst að þær ákvarðanir gangi í takt og því er mikilvægt að hófsemi, vandvirkni og hlutleysi ráði för.

### **Umhirða**

Í gegnum árin hafa áherslur í skógrækt verið að koma upp skógi. Fyrst og fremst felur það í sér gróðursetningu en einnig er hér átt við val og kynbætur álitlegra trjátegunda til nytja. Það að koma upp skógi, með besta fáanlega efnivið hverju sinni, er augljóslega gagnlegt en þó gróðursetningu sé lokið er skógræktinni alls ekki lokið. Umhirðu má ekki vanrækja. Skógana þarf að grísa svo þeir vaxi sem skildi. Að vanrækja umhirðu rýrir ekki einungis afurðirnar (timbrið) og þar með verðmæti skógarins heldur hefur það sýnt sig að vándind veður geta haft töluverðar afleiðingar og má í því samhengi nefna storma, þurrka, snjóalög og breytt árstíðamynstur. Til að halda uppi því göfuga starfi sem áunnist hefur síðustu ár og áratugi þarf ný stofnun að vera leiðandi og veita gott fordæmi í umhirðu. Byggja þarf upp þekkingu og reynslu meðal heimamanna og þannig má ná fram tilætluðum markmiðum um skógarauðlind Íslands til framtíðar.

### **Sjálfbærni**

Fjölmargar tegundir nytjatrjáa vaxa á íslenskri grundu. Hnattræn hlýnun hefur í för með sér áskoranir sem fáir sáu fyrir. Hér er mikilvægt að ný stofnun landgræðslu og skógræktar gefi starfi frumkvöðlanna gaum og ryðji braut íslenskrar landnýtingar til framdráttar fyrir bændur og aðra landeigendur og verði íslenskri þjóð til sóma. Efla þarf skógrækt til nytja en þannig má ná einum áfanga til viðbótar að sjálfbæru Íslandi.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur